


# FALSFRÉTTIR

STOPPA – HUGSA – ATHUGA



1

## Er þetta einum of ótrúlegt?

Horfðu gagnrýnum augum á sláandi og ótrúlegar fyrirsagnir. Falsfréttir hafa oft grípandi og sláandi fyrirsagnir sem gjarnan eru settar fram í HÁSTÖFUM og með upphrópunarmerkjum! Ef fyrirsögn fréttarinnar hljómar ótrúlega getur verið að hún sé einfaldlega ósönn.

2

## Hvaðan kemur þetta?

Ef þú ert í vafa skaltu athuga hvaðan fréttin kemur. Er þetta fréttaveita sem hægt er að treysta? Ef þú ert ekki viss skaltu skoða vefslóðina í slóðarstikunni ofarlega á vefsíðunni. Falsfréttaveitur eru oft með vefslóð (URL) sem líkist vefslóðum þekkra fréttamiðla en er ekki nákvæmlega eins. Þú getur líka athugað hvort þú finnur upplýsingar um fréttamiðilinn í „Um okkur“ eða „Um [nafn vefmiðils]“ flípanum sem finna má á flestum vefmiðlum.

3

## Hver skrifar?

Athugaðu hver er skrifaður fyrir fréttinni. Ef fréttin er ekki merkt nafngreindum einstaklingi ættirðu að kanna sannleiksgildi hennar betur. Fréttir á faglegum fréttamiðlum eru oftast merktar þeim blaðamönnum sem skrifa þær, þótt það sé ekki algilt hér á landi.

4

## Hafa aðrir fréttamiðlar birt fréttina?

Kannaðu hvort fleiri fréttamiðlar hafi birt fréttina. Alvöru fréttir birtast sjaldnast bara á einum fréttamiðli. Kannaðu hvort aðrir, t.d. stórir og rótgrónir fjölmiðlar, hafi fjallað um málið. Prófaðu að slá fyrirsögnina eða aðrar upplýsingar inn í leitargluggann á Google eða annarri leitarvél. Ef ekkert kemur upp, þótt efni fréttarinnar sé sláandi, hefurðu góða ástæðu til að efast.

5

## Finnurðu fyrir reiði?

Vertu á verði ef fréttin vekur sterkar tilfinningar. Falsfréttum er oft ætlað að vekja sterk, tilfinningaleg viðbrögð, eins og reiði. Ástæðan er sú að slíkar fréttir eru meira lesnar og dreifast hraðar á netinu en aðrar fréttir. Því reiðari sem við verðum, þeim mun meiri líkur eru á að við smellum á fyrirsögnina, skrifum athugasemd við fréttina og deilum henni á samfélagsmiðlum.

6

## Er myndin trúverðug?

Myndir geta blekkt – myndaleit á netinu getur hjálpað. Þeir sem skrifa falsfréttir nota oft myndir sem þeir nálgast annars staðar á netinu, t.d. úr öðrum fréttum. Ef þú notar myndaleitina á Google eða annarri leitarvél geturðu fundið út hvaðan myndin kemur og gert þér betur grein fyrir því hvort fréttin er sönn eða ósönn.

## Gervigreind



Hafðu í huga að hægt er að búa til sannfærandi myndir með hjálp gervigreindar. Þekkir þú muninn á raunverulegri mynd og mynd sem gervigreindin hefur gert? Prófaðu að æfa þig inni á: [www.netumferdarskolinn.is](http://www.netumferdarskolinn.is)



Meira um falsfréttir má finna inni á [www.netumferdarskolinn.is](http://www.netumferdarskolinn.is)



Netumferdarskólinn



Miðstöð menntunar og skólabjónustu